

## L Ö G

um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps  
í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja  
ríkisjörðina Hólma.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Mörk Eskifjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera sem hér segir: Frá Hólmanestá eftir línu dreginni í beina stefnu á stað 3 metra í hánorður frá svonefndu Völvuleiði á Hólmahálsi og þaðan beina stefnu á austurkamb Hólmatinds. Síðan inn eggjar á vatnaskilum um Miðaftanstind og Kambafell í hæsta leiti Eskihnjúks. Eftir það gildir eldri hreppamarkalína um Tungufell og Fönn, út eggjar í Svartafell og þaðan til sjávar.

## 2. gr.

Nú verður eigi innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps um bæt看 vegna tjóns, sem Reyðarfjarðarhreppur kann að verða fyrir vegna ákvæðis 1. gr., og skal þá gerðardómur fjalla um það mál og skera úr um bótakröfur. Skal gerðardómurinn skipaður þremur mönnum. Skipa aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að skipa mann í dóminn, tilnefnir hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Eskifjarðarhreppur.

## 3. gr.

Nú gefur Reyðarfjarðarhreppur Eskifjarðarhreppi kost á að kaupa eignarjörð sína, Borgir, sem yrði í Eskifjarðarhreppi eftir breytingu hreppamarka samkvæmt 1. gr., og fer þá um verð og greiðsluskilmála eftir því, sem um semst milli hreppanna, en náist ekki samkomulag milli þeirra innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara, skal Eskifjarðarhreppi skylt að kaupa jörðina eftir mati dómkvaddra manna. Um framkvæmd þess mats fer eftir lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

## 4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ríkisjörðina Hólma Reyðarfjarðarhreppi og Eskifjarðarhreppi, þannig að hvor þessara hreppa um sig eigi þess kost að fá keyptan þann hluta jarðarinnar, sem er innan marka hvors sveitarfélags.

Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

*Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1968.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*